
F U N D A R G E R ð

Fundur:	88. fundur Starfshóps um rekstrartruflanir.
Fundartími:	Fimmtudagur 3. nóvember 2005, kl. 11:15-13:30
Fundarstaður:	Landsnet, stjórnstöð Bústaðavegi
Fundarefni:	1) Staða skráningar. 2) Gæði raforku. 3) Stuðlar um afhendingu raforku. 4) Kostnaður vegna skorts. 5) Breytingar á skráningarkerfi. 6) Áætlun fyrir næsta ár. 7) Önnur mál.

Á fundinn mættu:

START:

Nils Gústavsson
Steingrímur Jónsson
Ólafur Pálsson
Rúnar S. Svavarsson
Kristín Haralda Cecilsdóttir
Ragnar Emilsson (fyrir Jakob Ólafsson)
Gunnar Haukur Gunnarsson
Jón Vilhjálmsson
Egill Sigmundsson
Sigfús Guðlaugsson

Verkfræðistofan Afl:
Fjarverandi:

- 1) Rætt var um stöðu skráningar og sagði JV að fyrir 1. apríl 2006 þyrfti skráningu og úrvinnslu truflana ársins 2005 að vera lokið samkvæmt reglugerð. NG sagði að það væri ekki vandamál hjá Landsneti. KHC sagði að leiðréttingar eftir yfirferð tækju verulegan tíma hjá Orkuveitu Reykjavíkur en þau ættu að geta stýtt hann og lokið við þetta fyrir 1. apríl. SJ sagði að það gæti orðið erfitt að ná þessu hjá Rafmagnsveitum ríkisins þar sem 5 aðilar sæju um skráninguna auk þess sem miklar annir væru á þessum árstíma. RE sagði að þessi tímamörk væru ekki vandamál hjá Orkubúi Vestfjarða. GHG sagði að þessu skráning hefði lent hálf utangátta hjá þeim sökum anna. Hann sagði þó að vissar skipulagsbreytingar væru í gangi hjá þeim og ætti eftir þær að gefast tími fyrir þessa skráningu. JV sagði að gögn væru ekki komin frá Hitaveitu Suðurnesja. Hann vissi ekki hvort einhver skráning væri hjá Rafveitu Reyðarfjarðar eða Orkuveitu Húsavíkur.

- 2) NG sagði að nýlega hefði verið fundur á Orkustofnun um hugsanlegar breytingar á reglugerð um gæði raforku. Um er að ræða þrjá meginbreytingar auk nokkurra smærri breytinga.
 - a) Fella niður úrtaksmælingar og nota í staðin mælingar sem gerðar eru þegar kvartanir koma upp. RSS sagði að slíkt kallið á mikla aukningu í mælingum hjá þeim þar sem þeir mæla yfirleitt einungis í tvo daga þegar kvartanir koma en ef fylgja á staðli þarf að mæla í 10 daga.
 - b) Skilgreina hvað er umfangsmikil truflun en í slíkum tilvikum þarf að senda inn skýrslu um truflunina til Orkustofnunar. Í tillögnum er miðað við truflun sem er meira en 10 KM (kerfismínútur) eða skerðing stendur lengur en 72 tíma. SJ sagði að erfitt væri hjá Rafmagnsveitum ríkisins að senda inn slíka skýrsla innan tveggja vikna frá truflun. Einnig var rætt um að setja útreikning á KM inn í skráningarkerfið svo stuðullinn sæist við skráningu skerðingar.
 - c) Reikna fleiri stuðla vegna gagna sem Orkustofnun þarf að senda inn í evrópska tölfræði.
- 3) Farið var yfir töflur með stuðlum um afhendingu raforku en fundarmenn höfðu fengið töflurnar síðasta vor. Samþykkt var að bæta inn þeim stuðlum sem Orkustofnun vill bæta inn. Einnig samþykkt að uppfæra skýrslu og setja á heimasíðu hópsins.
- 4) Rætt var um kostnað vegna skorts í samanburði við tölur sem notaðar eru í Noregi (KILE kostnaður). NG spurði hvort tölur væru mismunandi milli flutnings og dreifingar í Noregi. JV sagðist ekki vita það. JV var falið að koma með tillögu að einfaldari framsetningu á þessum kostnaðartölum og senda til fundarmanna til samþykktar. Þegar það liggur fyrir verður gengið frá skýrslunni um Kostnað vegna skorts og hún gefin út á PDF formi á heimasíðu hópsins. JV sagðist ekki hafa boðið til kynningar á kerfi til að sjá kostnað í truflunum eins og talað var um á síðasta fundi þar sem ekki hefur gefist tími til að klára það kerfi.
- 5) Farið var yfir breytingar á skráningarkerfinu en KHC mun senda JV athugasemdir eftir fundinn. Eftirfarandi breytingartillögur komu fram:
 - a) Reikna út KM fyrir truflun þegar skerðing er skráð.
 - b) Setja inn sérstaka töflu og skráningu fyrir stuðla ársins.
 - c) Nota flettilista í stað þess að haka við atriði. Hægt þarf að vera að velja úr listanum með að slá inn upphaf á heiti.
 - d) Útiloka það úr listum sem hægt er út frá því sem þegar er komið.
 - e) Hafa möguleika á jarðstreng í götuljósaflokknum.
 - f) Eiga möguleika á að skrá að var hafi gefið sig.
 - g) Geta valið að setja inn í skráningu samkvæmt forskráðu dæmi (template).

- h) Geta séð sögu einingar þegar skráð er truflun á hana. Geta valið að skoða eftir fleiri en kóða einingar svo sem dreifistöð eða texta.

JV sagði að mikilvægt væri að byrja á þessum breytingum sem fyrst til að hægt væri að taka nýja útgáfu af kerfinu í notkun fyrir áramót. JV mun senda mönnum skilgreiningar á breytingum og fundamenn munu fara yfir þær og senda athugasemdir í næstu viku. Prófanir á nýrri útgáfu þurfa að fara fram um miðjan desember og lagði JV til að nýja útgáfan yrði fyrst prófuð af KHC og RE og var það samþykkt.

Einnig var ákveðið að taka saman þarfagreiningu fyrir nýtt skráningarkerfi á næsta ári og að það keyrði í vafrara (Internetútgáfa).

- 6) JV fór yfir tillögu að áætlun fyrir næsta ár. Samþykkt var að bæta inn þarfagreiningu fyrir nýtt skráningarkerfi. JV mun senda áætlunina til fundarmanna með fundargerð fundarins og menn munu senda athugasemdir næstu daga ef þeir hafa slíkt.
- 7) NG sagði að Landsvirkjun kæmi fram á heimasíðu START hópsins á einum stað í stað Landsnets. JV ætlar að laga það. NG lagði til að frá og með áramótum mundi Landsnet skrá allar truflanir í flutningskerfinu. SJ sagði að það gæti verið vandamál fyrir Rarik að koma strax upplýsingum um truflun til Landsnets þar sem nú liði oft nokkur tími frá truflun uns skráning væri komin inn í gagnagrunn.

Fleira ekki gert. Næsti fundur ákveðinn í febrúar 2006.

Jón Vilhjálmsson